



**FUNDARGERÐ**  
**17. fundur Odda bs**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 1. nóvember 2023**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Eydis Þ. Indriðadóttir, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Formaður stjórnar lagði til að við dagskránnu myndi bætast við eitt mál, liður 2, Gjaldskrá Odda bs 2024.

Það var samþykkt samhljóða og að aðrir fundarliðir færast til í samræmi við það.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir liðum 1-3.

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2023 - 2302140**

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri kynnti yfirlit fyrir jan.-sept. 2023. Reksturinn er í ágætu samræmi við áætlun með viðaukum.

**2. Gjaldskrá Odda bs. 2024 - 2310093**

Lögð fram og rædd tillaga að gjaldskrá fyrir Odda bs fyrir árið 2024. Gjaldskráin gerir ráð fyrir að fæðisgjöld hækki um 8% m.v. vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í nóvember (2022-2023), dagvistargjöld í leikskóla hækki um 10% m.v. blandaða vísitölu launa og neysliverðs og gjöld fyrir skóladagheimili hækki um 9,8% m.v. blandaða vísitölu launa og neysliverðs. Lagt til að gjald fyrir hverjar 15 mín umfram 8 klst. vistun verði kr. 2000 á mánuði. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2024.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**3. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2024 - 2309076**

Lögð er fram og rædd tillaga að fjárhagsáætlun 2024 fyrir Odda bs. Stjórnin hefur átt vinnufund m.a. með öllum skólastjórum byggðasamlagsins og farið yfir þeirra áherslur. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði kr. 1.520.791.000 sem er 10,51% frá áætlun síðasta árs. Framlöggin skiptast þannig að hlutur Rangárþings ytra verður kr. 1.311.454.199 og hlutur Ásahrepps kr. 209.336.801. Áætlunin miðar við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2023 sem er 242 grunnskólabörn og leikskólabörn sem telja 141,3 barngildi. Tillaga er um að samþykkja fjárhagsáætlun 2024 fyrir Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

**4. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit. - 2306009**

Á fundinn mæta Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri grunnskólans á Hellu og Yngvi Karl Jónsson skólastjóri grunnskólans á Laugalandi og gera grein fyrir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

**5. Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla - Mennta- og barnamálarn. - 2302156**

Sveitarstjóri, Kristín Sigfúsdóttir og Yngvi Karl Jónsson skólastjórar og gera grein fyrir þeim aðferðum sem kynntar voru varðandi kerfi til að stýra fjármunum til grunnskóla.

Stjórn þakkar fyrir upplýsingarnar.

**6. Skóladagheimili. Opnunartími vegna Starfsmannafunda - 2310048**

Lagt fram erindi frá skólastjóra Grunnskólans á Hellu varðandi þá hugmynd um að skóladagheimilið í Grunnskólanum á Hellu loki fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði kl. 15:00 til að allir starfsmenn skólans geti mætt saman á starfsmannafundi.

Stjórn Odda bs tekur jákvætt í erindið en leggur áherslu á að það verði vel kynnt fyrir foreldrum og taki ekki gildi fyrr en um næstu áramót.

**7. Opnunartími leikskóla - 2309062**


Lagt fram minnisblað frá skólastjórum leikakólanna á Laugalandi og Hellu varðandi tillögu og útfærslu að vistun/neyðarvistun að uppfylltum sérstökum skilyrðum fyrir leikskólabörn vegna lokunnar leikskólana milli jóla og nýars.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur og felur leikskólastjórum að upplýsa foreldra um þetta úrræði og skilyrði fyrir þessari þjónustu.

**8. Trúnaðarmál - Byggðasamlagið Oddi - 2310003**

Fært í trúnaðarmálabók.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:40.**

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Eggert Valur Guðmundsson





Eydis Þ. Indriðadóttir  
Eydis Þ. Indriðadóttir

*Eydis Þ. Indriðadóttir*

Ísleifur Jónsson  
Ísleifur Jónsson

*Ísleifur Jónsson*

MHG  
*[Signature]*

